

FORSÆTISNEFND

Ár 2023, föstudaginn 16. mars, var haldinn 321. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13:35. Viðstödd voru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Sabine Leskop og Líf Magneudóttir. Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Magnús Davíð Norðdahl. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Ólöf Magnúsdóttir og Bjarni Þóroddsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 21. mars 2023. Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárlíðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:
 - a) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bráðaaðgerðir í málefnum barna á leikskólaaldri
 - b) Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um stefnu í málefnum skólasafna
 - c) Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að útrýma heimilisleysi
 - d) Umræða um verkefnið Betri borg fyrir börn og skilvirkni þess (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)
 - e) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áskorun um áframhaldandi rekstur póstafgreiðslu í Mjódd
 - f) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upphituð biðskýli MSS23010044

Fundi slitið kl. 13:56

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Magnea Gná Jóhannsdóttir
Sabine Leskopf

Marta Guðjónsdóttir
Líf Magneudóttir